

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurál Grundartanga Hvalfjörður



Dags eftirlits	24.5.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Margrét Helga Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Norðurál Grundartanga	Eftirlitsmaður	Sigríður Magnúsdóttir
Heimili	Grundartanga	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5702972609	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Bríet Ósk Magnúsdóttir	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Þorsteinn Ingi Magnússon	Staðsetning	365596,685 431351,563

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirliti og engar ábendingar voru settar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Fyrra eftirlit ársins 2022 fór fram hjá Norðuráli Grundartanga 24. maí 2022.

Dagskrá eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Farið var yfir umfang starfseminnar skv. gr. 1.2 í starfsleyfi. Rekstraraðili kynnti starfsemina með áherslu á umhverfisstefnu og kynnti ASI vottun sína (Alumium Stewardship Initiative) sem er bókhaldsleg vottun á rakningu súrals í gegnum alla virðiskeðjuna og tekur á þáttum sem að falla utan viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir (ETS).

Farið var yfir stöðuna á flæðigryfjum og mögulega nýtingu kerbrota og kolefnis sem annars færi í gryfjuna.

Í Umhverfissvöktunarskýrslu eru niðurstöður flúormælinga á Kríuvörðu yfir umhverfismörkum sem skilgreind eru í starfsleyfi (gr. 1.10), en mörk utan þynningarsvæðis fyrir flúoríð eru sett 0,30 $\mu\text{g}/\text{m}^3$ og mörk heildarflúors eru sett 0,40 $\mu\text{g}/\text{m}^3$ af flúoríði reiknað sem meðaltal fyrir tímabilið 1. apríl til 30. september ár hvert. Gildin á tímabilinu var 0,76 $\mu\text{g}/\text{m}^3$ og heildarflúor var 0,86 $\mu\text{g}/\text{m}^3$.

Fram kom í eftirliti, og í öðrum samskiptum Umhverfisstofnunar og rekstraraðila, að rekstraraðili hefur unnið að greiningum á mögulegum orsökum hækkaðra flúorgilda á loftgæðastöðinni á Kríuvörðu og í gróðri sbr. niðurstöður umhverfissvöktunar. Jafnframt hefur rekstraraðili þegar hafið vinnu við frekari rannsóknir og áætlun um úrbætur. Aðrar niðurstöður umhverfissvöktunar voru innan starfsleyfismarka.

2. Farið var yfir þær kvartanir og ábendingar sem höfðu borist frá síðasta eftirliti. Tvær ábendingar bárust er vörðuðu reyk og rekstraraðili gerði grein fyrir þeim, annars vegar sló út hreinsivirki og hins vegar brann lyftari á plani sem hafði ekki áhrif á starfsemi. Tvær ábendingar bárust frá rekstraraðila sjálfum.

3. Farið var yfir stöðuna frá síðasta eftirliti. Engin frávik eða ábendingar voru skráð í síðasta eftirliti.

4. Skráningar skv. gr. 4.4 í starfsleyfi eru í góðum málum. Hávaðamælingar eru gerðar á 8 ára fresti, síðasta mæling var árið 2015 og næsta mæling verður gerð þegar nýr steypuskáli hefur verið tekinn í notkun. Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi ársins 2021 var skilað á réttum tíma.

5. Önnur mál. Rekstraraðili var minntur á að senda Umhverfisstofnun ný ISO vottorð, þar sem núgildandi vottorð renna út 31. Júlí. Vottunin hefur farið fram og mun rekstraraðili senda vottorðin. Rætt var um áætlaðan kynningarfund vegna umhverfissvöktunar iðnaðarsvæðisins á Grundartanga, sem til stendur að fari fram 14. júní 2022.

6. Áhættumat fyrir tíðni eftirlits var lagt fram og útskýrt, en áhættumatið er uppfært árlega, og rekstraraðila var kynnt sérstakt upplýsingablað er varðar stjórnvaldssektir, sem kynnt er fyrir öllum rekstraraðilum í eftirliti ársins 2022.

7. Að loknum fundi var farið í skoðunarferð um kerskála og athafnasvæði rekstraraðila og vinnusvæði vegna nýs steypuskála var skoðað.

1.mgr. 40.gr. laga nr. 7/1998 um
hollustuhætti og mengunarvarnir.
Gr. 1.10 í starfsleyfi

Umhverfismörk utan þynningarsvæðis á Grundartanga fyrir
flúoríð eru sett 0,30 $\mu\text{g}/\text{m}^3$, reiknað sem meðaltal á tímabilinu
1. apríl til 30. september. Árið 2021 var meðaltalið 0,76 $\mu\text{g}/\text{m}^3$
og var því yfir starfleyfismörkum.


ANNAD

Einnig var viðstödd eftirlitið fyrir hönd Norðuráls Steinunn Dögg Steinsen.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 09.06.2022



Margrét Helga Guðmundsdóttir

